

Nd.

168. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka vio og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá Eiriki Einarssyni.

Á eftir 10. gr. komi ný gr., er verður 11. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Jafnframt því sem ákvæði laga þessara um greiðslu skuldar, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, koma til framkvæmda, lætur ríkisstjórnin gera áætlanir um og mæla fyrir auknum skurðum og ræsum á áveitusvæðinu og síðan framkvæma umbótaverkin samkvæmt því, svo að nægi til fráræslu á áveitulöndunum, engjunum til öryggis í votviðratið um sláttinn. — Skal við þær aðgerðir einnig séð um, að Skeiðaáveitan verði eigi, vegna árennslis, til skemmda á engjum þeirra, er eiga lönd að áveitusvæðinu. — Kostnaður við allt það, er ræðir um í grein þessari, greiðist úr ríkissjóði, án annarar endurgreiðslu af hálfu jarðareigenda en þeirrar, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.